

Mánudaginn 28. júlí 1919.

Nr. 70/1918:

Lárus Félðsted f. h.  
H. Söbstad  
gegn  
Júl. Havsteen f. h. h/f.  
Mannheimer.

D ó m u r :

Mál þetta var í undirrétti rekið sem aðalmál og gagnsök. Aðalmálið höfðaði stefndi Júl. Havsteen fyrir hönd hlutafélagsins Mannheimer til þess að fá áfrýjanda H. Söbstað útgerðarmann á Siglufirði dæmdan til að greiða andvirði kola, er hann hafði bjargað úr gufuskipinu Smaragd, 756 kr. ásamt 5 % ársvöxtum frá 17. ág. 1915 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu, en H. Söbstað höfðaði þá gagnsök á hendur hlutafélaginu og krafðist þess að það yrði dæmt til að greiða sér 2400 kr. að frádregnu andvirði umræddra kola 629 kr. 38 aur. eða kr. 1770.62, en til vara kr. 1428.96 auk 5 % ársvaxta frá 20. ág. 1915 og málskostnað eftir mati réttarins. Til þrautavara krafðist hann að aðalkrafan og gagnkrafan verði látnar fallast í faðma og málskostnaður látinn niður falla.

Mál þetta var eftir samkomulagi málsaðila rekið fyrir gestarétti Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar, og lauk því svo með dómi uppkveðnum 7. júní f. á., að áfrýjandi var dæmdur til að greiða hlutafélaginu 522 kr. með 5% ársvöxtum frá 17. ág. 1915 til

greiðsludags og var málskostnaður lálinn falla niður, bæði í aðalsök og gagnsök.

Þessum dómi hefir H. Söbstad skotið til yfir-dómsins með stefnu dags. 4. desbr. f. á. og gerir hann hér fyrir réttinum allar hinar sömu kröfur og fyrir undirrétti. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins. Stefndi hefir frá sinni hálfu gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 14. maí þ. á., og krafist þess að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða 756 kr. með 5% vöxtum frá 17. ág. 1915, en til vara að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og loks krefst hann, hvernig sem málið fer, málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfir-dómsins.

Tildrög máls þessa eru þau, að hinn 16. ág. 1915 rakst gufuskipið Smaragd á sker úti fyrir Siglufirði; var skipið fermt kolum til W. Steffensen útgerðarmanns á Siglufirði, og var kolafarmurinn váttryggður hjá stefnda, hlutafélaginu Mannheimer. Til þess að ná skipinu af skerinu þótti tiltækilegt að létta það með því að ná úr því nokkru af kolunum. Lét skipstjórinn því þau boð berast til mót-orbátæigenda á Siglufirði að þeir mættu bjarga kolum úr skipinu, og er það ennfremur upplýst í málinu að nokkuð af kolunum var mokað í sjóinn.

Samkvæmt þessari boðsendingu sendi áfrýjandi mótorskip sitt út að hinu strandaða skipi og fékk afhentar úr því 160 tonn af kolum og gaf viðurkenningu fyrir móttöku þeirra. Kol þessi voru flutt til Siglufjarðar og hefir áfrýjandi hagnýtt sér þau,

en ekki afhent þau móttakanda farmsins eða vátryggjanda, enda verður ekki séð að frá þeirra hálfu hafi komið nein krafa um afhendingu þeirra.

Stefndi heldur því fram, að 8 tonn af kolum svari til einnar smálestar, og hafi áfrýjandi því tekið á móti 20 smálestum af kolum. Telur hann að almennt verð á kolum á Siglufirði hafi um þetta leyti verið 54 kr. fyrir smálest og gerir hann þannig kröfu til að fá greitt andvirði kolanna 1080 kr. að frádregnum 30%, er hann telur sér skylt að greiða fyrir björgun og flutning kolanna til Siglufjarðar. Áfrýjandi heldur því hins vegar fram, að þessar 160 tonn af kolum, er hann tók á móti úr skipinu, hafi vegist tæp 18 tonn og að gangverð kola á Siglufirði hafi að eins verið 35 kr. fyrir smálestina, og beri honum því ekki að borga meira fyrir kolin komin til Siglufjarðar en 629 kr. 38 a.

Hvað þetta atriði snertir hefir stefndi ekki sannað að hin umræddu kol hafi verið meiri en áfrýjandi hefir viðurkennt, tæp 18 tonn, og verður hann því ekki dæmdur til að greiða fyrir meira. Fyrir staðhæfingu sinni um að gangverð kola á Siglufirði hafi verið 35 kr. hefir áfrýjandi ekki fært nein rök, en þar á móti hefir stefndi lagt fram í málinu vottorð frá kolakaupmönnum á Siglufirði um að verð á kolum hafi verið þar um þetta leyti 54 kr. tonnið, og ber því að leggja þetta verð til grundvallar og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda andvirði kolanna  $18 \times 54 =$  kr. 972,00.

Í gagnsökinni hefir áfrýjandi krafist þess, að

stefndi verði dæmdur til að greiða sér 2400 kr. fyrir björgun og flutning kolanna til Siglufjarðar og rökstyður hann kröfu sína með því, að hann hafi lánað mótorskip sitt með allri áhöfn til vinnu í þarfriskips og farms í 3 daga; setur hann upp 800 kr. á dag eða alls 2400 kr.; heldur hann því fram að hann hafi skilið boðsendingu skipstjórans svo að þeir, sem vildu sækja kolin og þar með flýta fyrir að létta skipið, skyldu að minsta kosti fá þau fyrir björgunina, en auk þess telur hann sig eiga heimtingu á frekari borgun, með því að hann, með því að láta taka kolin úr skipinu, hafi í rauninni unnið að björgun skips og farms í heild sinni. Það er þó ekkert komið fram um það í málinu, að áfrýjandi hafi haft ástæðu til að skilja boðsendingu skipstjórans á þann veg að hann ætti að fá öll kolin fyrir björgun þeirra og flutning til Siglufjarðar, og enn síður getur komið til mála að honum geti borið nokkuð gjald fram yfir sannvirði kolanna á Siglufirði, því hann hefir engin rök fært fyrir því, að hann hafi unnið að björgun skipsins eða farmi þess fram yfir björgun á umgetnum kolum. Áfrýjanda getur því ekki borið hærri borgun en hæfilegt endurgjald fyrir björgun kolanna og flutning þeirra til siglufjarðar. Um þessa borgun hefir ekki verið samið fyrirfram og ber því réttinum samkv. 229 gr. laga nr. 56, 30. nóv. 1914, að ákveða upphæð björgunarlaunanna. Borgun þessa hefir undirdómarinn ákveðið 450 kr., og með því að áfrýjandi hefir ekki sýnt fram á að upphæð þessi sé of lág, ber að samþykkja hana. Þessar 450 kr.

ber að draga frá andvirði kolanna 972 kr., en eftirstöðvarnar 522 kr. ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda með vöxtum eins og segir í hinum áfrýjaða dómi.

Þar sem yfirdómurinn þannig kemst að sömu niðurstöðu og undirdómarinn og ákvæði dómsins um málskostnað samþykkist, ber að staðfesta hann í öllum greinum.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 50 kr.

#### Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði gestaréttardómur á að vera óraskaður. Áfrýjandi H. Söbstað greiði stefnda Júl. Havsteen f. h. h/f. Mannheimer 50 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum ber að fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga-aðför.